Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 22. maí 2013 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Árni Þór Guðjónsson,
kt. 120772-2959,
Faxabraut 6, Reykjanesbæ

kr. 29.379.390

Kópavogur, 23. maí 2013.

**Guðrún Bergsteinsdóttir
hdl.**

(2013010374

Útgáfud.: 29. maí 2013

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum 26. október 2012 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum á búinu var lokið 16. maí 2013 samkvæmt 154. gr. laga nr. 21/1991 með því að allar lýstar kröfur voru afturkallaðar.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Auðsalir ehf.,
kt. 680604-3120,
Gagnheiði 55, Selfoss

kr. 2.420.274

Hvolsvelli, 16. maí 2013.

Christiane L. Bahner hdl.

(2013010567

Útgáfud.: 29. maí 2013

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 26. febrúar 2013 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 23. maí 2013 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Björn Þverdal Krisjánsson,
kt. 240359-2199,
Ólafsgesla 2, Reykjavík

kr. 28.178.789

Reykjavík, 23. maí 2013.

F.h. Huldu Rósar
Rúriksdóttur hrl.,
Hilmar Þorsteinsson hdl.

(2013010568

Útgáfud.: 29. maí 2013

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 22. desember 2011 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 23. maí 2013 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

SJ hús ehf.,
kt. 440407-4040,
Tjarnabraut 14, Reykjanesbæ

kr. 12.221.497

Reykjavík, 23. maí 2013.

Árni Helgason hdl.

(2013010569

Útgáfud.: 29. maí 2013

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 18. janúar 2012 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 23. maí 2013 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

JE fasteignir ehf.,
kt. 690605-2870,
Tangarhöfða 5, Reykjavík

kr. 45.525.617

Reykjavík, 23. maí 2013.

Árni Helgason hdl.

(2013010570

Útgáfud.: 29. maí 2013

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 26. febrúar 2013 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 23. maí 2013 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Útgáfud.: 30. maí 2013

Nafn bús:**Lýstar kröfur:**

Haukur Böðvarsson,
kt. 300472-4869,
Höfðabakka 1, Reykjavík

kr. 9.931.564

Reykjavík, 23. maí 2013.

F.h. Huldu Rósar
Rúriksdóttur hrl.,
Hilmar Þorsteinsson hdl.

(2013010571

Útgáfud.: 29. maí 2013

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 18. janúar 2012 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 23. maí 2013 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:**Lýstar kröfur:**

Lónsbraut ehf.,
kt. 540906-1650,
Ránargötu 10, Reykjavík

kr. 25.208.582

Reykjavík, 23. maí 2013.

Árni Helgason hdl.

(2013010572

Útgáfud.: 29. maí 2013

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 22. desember 2011 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 23. maí 2013 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:**Lýstar kröfur:**

Verkfærni ehf.,
kt. 671108-0860,
Norðurtúni 9, Sandgerði

kr. 3.987.427

Reykjavík, 23. maí 2013.

Árni Helgason hdl.

(2013010579

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 7. nóvember 2012 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 30. janúar 2013 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:**Lýstar kröfur:**

Sebastian Peter P. Becker,
kt. 200366-5309,
Berjarima 14, Reykjavík

kr. 6.629.109

Reykjavík, 24. maí 2013.

Guðjón Ármann Jónsson hrl.

(2013010618

Útgáfud.: 30. maí 2013

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 20. febrúar 2013 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 24. maí 2013 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:**Lýstar kröfur:**

SKÓB ehf.,
kt. 451009-0440,
Þorláksgísla 31, Reykjavík

kr. 21.302.956

Kópavogi, 27. maí 2013.

F.h. Lindu Bentsdóttur hdl.,
Pétur F. Gíslason hdl.

(2013010621

Útgáfud.: 30. maí 2013

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 20. febrúar 2013 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 23. maí 2013 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Kristberg Snjólfsson,
kt. 080664-2069,
Þingvaði 11, Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 205.346.705

Kópavogi, 27. maí 2013.
F.h. Lindu Bentsdóttur hdl.,
Pétur F. Gíslason hdl.

(2013010622

Útgáfud.: 30. maí 2013

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 26. apríl 2012 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Skiptum á búinu var lokið 7. maí 2013.

Nafn bús:

Merkikerti ehf.,
kt. 471201-2430,
Austurbraut
Reykjanesbæ

Lýstar kröfur:

kr. 24.718.881

1220,

Reykjavík, 27. maí 2013.

Gísli Kr. Björnsson hdl.

(2013010623

Útgáfud.: 30. maí 2013

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 7. nóvember 2012 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 30. janúar 2013 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

SK eignir ehf.,
kt. 580707-1140,
Bankastræti 10, Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 1.391.766.140

Reykjavík, 28. maí 2013.

**Guðjón Ármann Jónsson
hrl.**

(2013010624

Útgáfud.: 30. maí 2013

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 3. maí 2012 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag

var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Skiptum á búinu var lokið 7. maí 2013.

Nafn bús:

Lago ehf.,
kt. 640506-2020,
Hvannakri 6, Garðabær

Lýstar kröfur:

kr. 3.827.509

Reykjavík, 27. maí 2013.

Gísli Kr. Björnsson hdl.

(2013010625

Útgáfud.: 29. maí 2013

Auglýsing um skipulag - Reykjavíkurborg

Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingum á deiliskipulagi í Reykjavík.

Efstaleiti 5.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 5 við Efstaleiti. Í breytingunni felst aukning á nýtingarhlutfalli vegna viðbyggingar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Nauthólsvík.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Nauthólsvíkur. Í breytingunni felst að ákvæði um stríðsminjasafn er felld niður en í stað þess verði ákvæði um að húsin verði fyrir veitingarekstur eða aðra starfsemi og þjónustu sem fellur að nýtingu útivistarsvæði og starfsemi í Nauthólsvík. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20-16:15, frá 29. maí 2013 til og með 4. júlí 2013. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðunni, www.skipbygg.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega, til umhverfis- og skipulagsviðs, b.t. skipulagsfulltrúa, eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 4. júlí 2013. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur
f.h. skipulagsfulltrúa

Ann Andreassen.

(2013010558

Útgáfud.: 29. maí 2013

Auglýsing um skipulag - Rangárbæing eystra

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru auglýstar eftirfarandi tillögur að breytingum á aðalskipulagi Rangárbæing eystra.

Moldnúpur – aðalskipulagsbreyting.

Breytingin tekur til 4,7 ha svæðis sem skilgreint verður sem svæði fyrir frístundabyggð.

Stóra-Mörk – aðalskipulagsbreyting.

Breytingin tekur til 14,4 ha svæðis sem skilgreint verður sem svæði fyrir frístundabyggð.

Ystabælistorfa 1, 2, 3, 4 og 5 – aðalskipulagsbreyting.

Breytingin tekur til 27 ha svæðis sem skilgreint verður sem svæði fyrir frístundabyggð.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru auglýstar eftirfarandi tillögur að deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.

Fimmvörðuskáli – deiliskipulagstillaga / umhverfisskýrsla.

Deiliskipulagstillaga ástamt umhverfisskýrslu sem tekur til skálasvæðis á Fimmvörðuhálsi.

Hrútafellskot – deiliskipulagstillaga.

Deiliskipulagstillaga sem tekur til byggingar frístundahúss og endurbyggingar núverandi bygginga.

Vegna formgalla eru endurauglýstar eftirfarandi deiliskipulagstillögur:

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.

Baldvinsskáli – deiliskipulagstillaga.

Deiliskipulagstillaga sem tekur til skálasvæðis á Fimmvörðuhálsi.

Samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er auglýst eftirfarandi tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.

Hellishólar – deiliskipulagsbreyting.

Tillaga að deiliskipulagsbreytingu sem m.a. tekur til byggingar hótels.

Ofangreindar tillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra www.hvolsvollur.is og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Ormsvelli 1, Hvolsvelli, frá 29. maí 2013 til 10. júlí 2013.

Athugasemdafrestur er til kl. 16:00, miðvikudaginn 10. júlí 2013. Athugasemdum ef einhverjar eru skal skila skriflega á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa, fyrir lok ofangreinds frests. Þeir sem ekki gera athugasemd við tillögurnar teljast samþykkir þeim.

F.h. Rangárþings eystra,

Anton Kári Halldórsson skipulags- og byggingarfulltrúi.

(2013010561

Útgáfud.: 30. maí 2013

Auglýsing um skipulagsmál - Skaftárhreppur

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi og umhverfisskýrslu.

Um er að ræða deiliskipulagsbreytingu vegna urðunar á stjórnarsandi. Breytingin felur í sér að sá hluti urðunarsvæðis sem nýttur hefur verið til urðunar ösku úr

sorpbrennslu verður nýttur fyrir urðun heimilissorps.

Tillaga þessi ásamt umhverfisskýrslu liggur frammi hjá fulltrúa skipulags- og byggingamála í Skaftárhreppi, Klausturvegi 10, Kirkjubæjarklaustri og á heimasíðu Skaftárhrepps www.klaustur.is frá 30. maí 2013 til og með 11. júlí 2013.

Athugasemdafrestur við tillögu þessa er til 16:00, fimmtudaginn 11. júlí 2013. Athugasemdum ef einhverjar eru skal skila skriflega á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 10, 880 Kirkjubæjarklaustri, fyrir ofangreindan frests. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna eða umhverfisskýrsluna teljast samþykkir henni.

F.h. byggingarfulltrúa

Vígfús Þór. Hróbjartsson

fulltrúi á sviði skipulags- og byggingarmála í Skaftár- og Mýrdalshreppi.

(2013010594

Útgáfud.: 28. maí 2013

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Fannborg fasteignafélag ehf.**

Kt.: 530513-0680.

Heimili og varnarþing: **Dalshrauni 5, 220 Hafnarfjörður.**

Dagsetning samþykktar er: 16. apríl 2013.

Stofnendur: Antanas Mazonas, kt. 151085-2539, Dalshrauni 5, 220 Hafnarfjörður.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 16. apríl 2013.

Stjórnarmaður: Antanas Mazonas. Varastjórn: Ólafur Kristinsson, kt. 161067-2969, Skaftahlíð 27, 105 Reykjavík.

Firmað ritar: Stjórnarmaður.

Framkvæmdastjórn: Antanas Mazonas.

Prókúruumboð: Antanas Mazonas.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Dainius Cekavicius, kt. 060187-5419, Dalshrauni 5, 220 Hafnarfjörður, Ruta Cekavice, kt. 230584-5089, Dalshrauni 5, 220 Hafnarfjörður.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er kaup og sala fasteigna, útleiga og rekstur fasteigna, eignaumsýsla, og nauðsynleg lánastarfsemi og tengd starfsemi.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2013010307

Útgáfud.: 28. maí 2013

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Kolufell ehf.**

Kt.: 530513-1060.

Heimili og varnarþing: **Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík.**

Dagsetning samþykktar er: 7. maí 2013.

Stofnendur: ADVEL lögmenn slf., kt. 420112-0170, Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 7. maí 2013.

Stjórnarmaður: Ragnar Guðmundsson, kt. 230382-5579, Barmahlíð 23, 105 Reykjavík. *Varastjórn:* Guðmundur Siemsen, kt. 291278-2139, Smyrlahrauni 10, 220 Hafnarfjörður.

Firmað ritar: Stjórnarmaður.

Prókúruumboð: Ragnar Guðmundsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Gunnar Þór Ásgeirsson, kt. 041167-3199, Innstu-Tungu 2, 460 Tálknafjörður.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er kaup og sala hlutabréfa, eignarhald á hlutabréfum, kaup og sala fasteigna, eignarhald og rekstur fasteigna, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2013010346

Útgáfud.: 28. maí 2013

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Geiturnar þrjár ehf.**

Kt.: 530513-1570.

Heimili og varnarþing: **Ásavegi 20, 900 Vestmannaeyjar.**

Dagsetning samþykktar er: 17. apríl 2013.

Stofnendur: Ragnheiður Sveinþórsdóttir, kt. 190482-5459, Ásavegi 20, 900 Vestmannaeyjar, Berglind Sigmarsdóttir, kt. 170575-5209, Faxastíg 22, 900 Vestmannaeyjar, Heather Rosemary Harrison Philp, kt. 201176-2639, Hólagötu 44, 900 Vestmannaeyjar.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 17. apríl 2013.

Formaður stjórnar: Heather Rosemary Harrison Philp. *Meðstjórnendur:* Berglind Sigmarsdóttir, Ragnheiður Sveinþórsdóttir.

Firmað ritar: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Ragnheiður Sveinþórsdóttir.

Prókúruumboð: Ragnheiður Sveinþórsdóttir.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Margrét Hjálmarisdóttir, kt. 030771-4519, Vesturvegi 29, 900 Vestmannaeyjar, Aðalheiður Kristinsdóttir, kt. 270977-4059, Heiðarvegi 24, 900 Vestmannaeyjar.

Hlutfé kr.: 2.001.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er smásala og heildsala, rekstur fasteigna og lánastarfsemi.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2013010347

Útgáfud.: 28. maí 2013

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Hafið - spönginni ehf.**

Kt.: 540513-1710.

Heimili og varnarþing: **Spönginni 13, 112 Reykjavík.**

Dagsetning samþykktar er: 30. apríl 2013.

Stofnendur: Páll Fannar Pálsson, kt. 200288-2469, Dalsási 8, 221 Hafnarfjörður, Halldór Heiðar Halldórsson, kt. 260482-5649, Drekaavöllum 29, 221 Hafnarfjörður, Eyjólfur Júlíus Pálsson, kt. 030782-5349, Fjólúási 24, 221 Hafnarfjörður.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 30. apríl 2013.

Stjórnarmaður: Páll Fannar Pálsson. *Varastjórn:* Halldór Heiðar Halldórsson.

Firmað ritar: Stjórnarmaður.

Prókúruumboð: Páll Fannar Pálsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Eymundur Sveinn Einarsson, kt. 081166-3319, Sunnuflöt 12, 210 Garðabær, Endurskoðun og ráðgjöf ehf., kt. 671086-1209, Garðatorgi 7, 210 Garðabær.

Hlutfé kr.: 600.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er rekstur fiskverslunar og tengd starfsemi.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2013010348

Útgáfud.: 28. maí 2013

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Eldbakan ehf.**

Kt.: 560513-0110.

Heimili og varnarþing: **Klettási 17, 210 Garðabær.**

Dagsetning samþykktar er: 29. apríl 2013.

Stofnendur: Margrét Ása Þorsteinsdóttir, kt. 220173-4889, Klettási 17, 210 Garðabær.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 29. apríl 2013.

Stjórnarmaður: Margrét Ása Þorsteinsdóttir. *Varastjórn:* Elsa Björk Ásmundsdóttir, kt. 040251-3089, Logafold 96, 112 Reykjavík.

Firmað ritar: Stjórnarmaður.

Framkvæmdastjórn: Margrét Ása Þorsteinsdóttir.

Prókúruumboð: Margrét Ása Þorsteinsdóttir.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Endurskoðendapjónustan ehf., kt. 541184-1209, Skipholt 50D, 105 Reykjavík, Jón Tryggvi Kristjánsson, kt. 060453-4119, Súlunesi 15, 210 Garðabær.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er eign og rekstur veitingastaða og skemmtistaða hverskonar. Innflutningur, heildsala og smásala á hverskonar matvælum og varning er tengist rekstri veitingahúsa og skemmtistaða. Kaup og sala, eign og rekstur fasteigna og lausaffjár. Fjármálastarfsemi hverskonar, lánastarfsemi og skyldur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2013010349

Útgáfud.: 29. maí 2013

Stefna - til greiðslu skuldar**Drómi hf.,****kt. 710309-1670,****Lágmúla 6, Reykjavík,**

gjörir kunnugt: að félagið þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Ómari Þór Gunnarssyni, kt. 121054-6129, Afríku, til heimtu neðangreindra skulda og Maríu Rósinkarsdóttur, kt. 250928-3199, Melseli 8, Reykjavík og Guðnýju Ólafsdóttur, kt. 070159-5709, Melseli 8, Reykjavík, til að þola staðfestingu á veðrétti samkvæmt tryggingarbréfi.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi Ómar Þór Gunnarsson verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 20.397.555 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og veðtryggingu af 119.406 kr. frá 2. júní 2009 til 1. júlí 2009, en af 242.385 kr. frá þeim degi til 4. ágúst 2009, en af 384.768 kr. frá þ.d. til 1. september 2009, en af 500.908 kr. frá þ.d. til 1. október 2009, en af 624.349 kr. frá þ.d. til 2. nóvember 2009, en af 756.976 kr. frá þ.d. til 1. desember 2009, en af 20.397.555 kr. frá þ.d. til greiðsludags, allt að frágættinu innborgun að fjárhæð 2.997.800 kr. þann 1. febrúar 2013.

Þá er krafist að stefndu, María Rósinkarsdóttir og Guðný Ólafsdóttir, verði dæmdar til að þola staðfestingu á 6. veðrétti stefnanda í fasteigninni að Melseli 8, Reykjavík, fastanúmer 205-6058, samkvæmt tryggingarbréfi útgefnu 19. desember 2007, upphaflega að fjárhæð 127.842 evrur (EUR), fyrir framangreindri skuld og að staðfestur verði með dómi réttur stefnanda til að fá gert fjárnám í veðinu fyrir skuldinni auk dráttarvaxta og kostnaðar.

Þá krefst stefnandi þess að stefndu verði gert að greiða stefnanda málskostnað in solidum samkvæmt málskostnaðarreikningi sem áskilinn er réttur til að leggja fram við munnlegan flutning málsins eða að skaðlausu að mati dómsins.

Málflutningsumboð og fyrirvar: Undirritaður lögmaður, Bjarki Már Baxter hdl., rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda. Fyrirsvarsmaður stefnanda er Hlynur Jónsson, stjórnarformaður, Brúnási 14, Garðabæ.

Málsatvik, málsástæður, lagarök og önnur atvik:

I.

Í máli þessu krefst stefnandi greiðslu skuldar skv. tveimur lánssamningum í erlendri mynt.

Lánssamningur nr. 10594 (áður nr. 1387):

Með lánssamningi dags. 6. desember 2007 veitti Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf. (hér eftir SPRON), kt. 610269-5089, stefnda Ómari Þór Gunnarssyni lán í erlendum myntum. Lánið var í bandaríkjadollurum (hér eftir USD) að fjárhæð 69.602,87 sbr. dskj. nr. 3. Ákveðið var að lánið skyldi endurgreiðast með einum gjalddaga, þann 1. júní 2008.

Um kjör og skilmála segir að vextir reiknist frá útgáfudegi lánsins og greiðist ásamt höfuðstól lánsins á gjalddaga. Þá segir að SPRON sé heimilt að skuldfæra reikning stefnda, nr. 1158-26-006129, fyrir greiðslum afborgunar að viðbættum vöxtum. Vextir miðuðust við LIBOR vexti (London Interbank Offered Rate, bid) hverrar myntar eins og þeir eru auglýstir kl. 11:00 að staðartíma í London á

BBA-síðu Reuters, tveimur virkum dögum fyrir upphaf hvers vaxtatímabils, að viðbættu 3,7% vaxtaálagi. Vextir af láninu reiknast á grundvelli actual/360 eða raunverulegur dagafjöldi á vaxtatímabilinu/360.

Stefndi Ómar Þór Gunnarsson skuldbatt sig til þess á gjalddaga lánsins að hafa til ráðstöfunar á framangreindum reikningi fjárhæð í íslenskum krónum sem svarar til uppgreiðslu á láninu, þ.e. höfuðstól lánsins auk vaxta. Samkvæmt grein 8.2 í lánssamningi aðila skal útreikningur á þeirri fjárhæð sem greiða átti á gjalddaga í íslenskum krónum miðast við sölugengi sparisjóðsins, þ.e. sölugengi Sparisjóðabanka Íslands hf., á gjalddaga lánsins.

Í samræmi við skilmála lánssamningsins voru greiddir til stefnda bandaríkjadollarar (USD) að fjárhæð 69.602,87 þann 12. desember 2007, sbr. dskj. nr. 4.

Þann 12. júní 2008 var gerður viðauki við lánssamninginn sem fól í sér framlengingu lánsins, sbr. dskj. nr. 5. Með samþykki SPRON var framangreint lán framlengt og í stað gjalddaga lánsins sem var 1. júní 2008 skyldi gjalddagi lánsins nú verða þann 1. september 2008. Lánið var með eftirfarandi stöðu mynta við framlenginguna: eftirstöðvar lánsins voru USD 69.602,87 auk áfallina vaxta að fjárhæð USD 2.899,11 og framlengingargjalds að fjárhæð USD 217,00. Ákveðið var að nýr höfuðstóll lánsins yrði USD 72.718,98 (USD 69.602,87 + USD 2.899,11 + USD 217,00) og vaxtakjörum lánsins var breytt á þann veg að vaxtaálag á LIBOR var hækkað í 7,2%. Þá skyldu vextirmir reiknast frá 1. júní 2008. Guðný Ólafsdóttir, kt. 121054-6129, eiginkona stefnda, undirritaði framlenginguna fyrir hönd hans samkvæmt umboði dags. 30. maí 2008, sbr. dskj. nr. 6.

Þann 16. september 2008 var aftur gerður viðauki við lánssamninginn sem fól í sér framlengingu lánsins, sbr. dskj. nr. 7. Með samþykki SPRON var lánið framlengt og í stað gjalddaga lánsins sem var 1. september 2008 skyldi gjalddagi lánsins nú verða þann 1. mars 2009. Lánið var með eftirfarandi stöðu mynta við framlenginguna: eftirstöðvar lánsins voru USD 72.718,98 auk áfallinna vaxta að fjárhæð USD 1.816,46 og framlengingargjalds að fjárhæð USD 223,60. Ákveðið var að nýr höfuðstóll lánsins yrði USD 74.759,04 (USD 72.718,98 + USD 1.816,46 + USD 223,60). Þá skyldu vextir lánsins reiknast frá 1. september 2008. Guðný Ólafsdóttir, kt. 121054-6129, eiginkona stefnda Ómars Þórs Gunnarssonar, undirritaði framlenginguna fyrir hönd hans samkvæmt umboði dags. 28. ágúst 2008, sbr. dskj. nr. 8.

Þann 25. ágúst 2009 var enn gerð breyting á láninu sem fól í sér frestun afborgana og vaxta, sbr. dskj. nr. 9. Skilmálabreytingin var gerð af Nýja Kaupþing banka hf. samkvæmt umboði og heimild í samningi milli Skilaneftndar SPRON og Nýja Kaupþings banka hf. Ákveðið var að gjalddagi lánsins yrði framlengdur og í stað gjalddaga lánsins sem var 1. mars 2009 skyldi gjalddagi lánsins nú verða þann 1. desember 2009, þó þannig að vaxtagjalddagar yrðu 6 með fyrsta vaxtagjalddaga þann 1. júní 2009. Þá var kveðið á um að áföllnir vextir frá 1. september 2008, þ.e. frá þeim degi sem síðasta skilmálabreyting lánsins miðaði við, til og með 1. maí 2009 myndu leggjast á við höfuðstól lánsins og mynda nýjan höfuðstól.

Lánssamningur nr. 10596 (áður nr. 1389):

Með lánssamningi dags. 6. desember 2007 veitti SPRON, kt. 610269-5089, Stefáni Magnússyni, kt. 120856-3759, samskonar lán og að framan er gerð grein fyrir. Til tryggingar skilvisri og skaðlausri greiðslu lántaka samkvæmt lánssamningnum gekkst stefndi í óskipta sjálfskuldarábyrgð fyrir endurgreiðslu lánsins. Lánið var í

bandaríkjadollurum (USD) að fjárhæð 69.602,87 sbr. dskj. nr. 10. Ákveðið var að lánið skyldi endurgreiðast með einum gjalddaga, þann 1. júní 2008. Að öðru leyti voru skilmálar og vaxtakjör lánsins voru sambærilegir láni nr. 10594 sem áður er gerð grein fyrir.

Í samræmi við skilmála lánsamningsins var greitt til Stefáns Magnússonar, aðalskuldara lánsins, USD 63.602,87 þann 12. desember 2007, sbr. dskj. nr. 11.

Lánið var þrívægis framlengt og í hvert skipti var framlengingin samhljóða framlengingum og/eða skilmálabreytingum láns nr. 10594 sem áður hefur verið rakið. Þannig var lánið framlengt með viðauka við lánsamning dags. 12. júní 2008, sbr. dskj. nr. 12, og í stað gjalddaga lánsins sem var 1. júní 2008 skyldi gjalddagi lánsins verða þann 1. september 2008. Þá var lánið einnig framlengt með viðauka við lánsamning dags. 16. september 2008, sbr. dskj. nr. 13, og í stað gjalddaga lánsins sem var 1. september 2008 skyldi gjalddagi lánsins verða þann 1. mars 2009. Stefndi skrifaði sjálfur undir fyrri skilmálabreytinguna en Guðný Ólafsdóttir skrifaði undir fyrir hans hönd í seinni skilmálabreytingunni skv. áður nefndu allsherjarumboði sbr. dskj. nr. 8. Að lokum var láninu framlengt með breytingu á greiðsluskilmálum lánsamnings dags. 25. ágúst. 2009, sbr. dskj. nr. 14, og í stað gjalddaga lánsins sem var 1. mars 2009 skyldi gjalddagi lánsins verða þann 1. desember 2009, þó þannig að vaxtagjalddagar yrðu 6 með fyrsta vaxtagjalddaga þann 1. júní 2009. Skilmálar framlenginganna voru að öðru leiti sambærilegir þeim skilmálum sem finna má í framlengingum vegna láns 10594 sem áður hefur verið fjallað um.

Eftir gjalddaga lánsins, þann 1. febrúar 2013, greiddi aðalskuldari lánsins 3.000.000 kr. vegna lánsins, en af þeirri fjárhæð greiddust 2.200 kr. í kostnað, sbr. dskj. nr. 15.

Tryggingarbréf.

Þann 19. desember 2007 gaf stefndi út tryggingarbréf til SPRON hf., sbr. dskj. nr. 16, til tryggingar skilvisri og skaðlausri greiðslu á skuldum við SPRON hf., að fjárhæð 127.842 evrur (EUR) tryggt með 9. veðrétti fasteigninni að Melseli 8, 109 Reykjavík, fnr. 205-6058. Guðný Ólafsdóttir, kt. 121054-6129, undirritaði tryggingarbréfið fyrir hönd stefnda samkvæmt umboði dags. 30. maí 2008, sbr. dskj. nr. 17. Bréfið hvílir nú á 6. veðrétti, sbr. dskj. nr. 18.

Í dag er fasteignin í eigu stefndu Guðnýjar Ólafsdóttur og stefndu Maríu Rósinkarsdóttur, sbr. dskj. nr. 19 og 20. Samþykki beggja stefndu fyrir veðsetningunni liggur fyrir, en stefnda Guðný Ólafsdóttir skrifaði undir tryggingarbréfið sem bæði maki útgefanda og maki þinglýsts eiganda, á meðan stefnda María Rósinkarsdóttir skrifaði undir sem þinglýstur eigandi.

II.

Samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 21. mars 2009 var stofnað sérstakt hlutafélag, Drómi hf., stefnandi í máli þessu, í eigu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf., kt. 540502-2770, sem tók við öllum eignum félagsins og jafnframt öllum tryggingarréttindum, þ.m.t. öllum veðréttindum, ábyrgðum og öðrum sambærilegum réttindum sem tengjast kröfum SPRON um aðilaskipti að kröfuréttindum í eigu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. til Dróma hf., sbr. dskj. nr. 21. Er Drómi hf. því réttur aðili til sóknar í máli þessu.

III.

Sundurliðun kröfu vegna lánsamnings nr. 10594:

Krafa stefnanda vegna höfuðstól lánsamnings nr. 10594 sundurliðast þannig, sbr. nánar dskj. nr. 22, dskj. nr. 23 og ítarlegri útskýring í dskj. nr. 24:

Höfuðstólskrafa vegna USD(2) í USD 74.228,42.

Höfuðstólskrafa vegna USD(7) í USD 3.322,96.

Höfuðstólskrafa vegna USD(8) í USD 2.175,48.

Samtals krafa vegna höfuðstóls í USD 79.726,86.

Í dskj. nr. 23 er lánið með nokkra liði, þ.e. USD(2), USD(7) og USD(8). Þetta má rekja til þess að í framkvæmd var búinn til nýr liður í kerfum SPRON þegar áföllnum vöxtum var bætt við höfuðstól lánsins er því var skilmálabreytt. Liður USD(7) varð til við fyrri skilmálabreytingu lánsins, þegar framlengingargjaldi og áföllnum vöxtum frá 12. desember 2007 til 1. júní 2008 var bætt við höfuðstól lánsins, sbr. dskj. nr. 5. Liður USD(8) varð til svo til við seinni skilmálabreytingu lánsins, þegar framlengingargjaldi og áföllnum vöxtum frá 1. júní 2008 til 1. september 2008 var bætt við höfuðstól lánsins, sbr. dskj. nr. 7.

Á gjalddaga lánsins þann 1. desember 2009 var skráð sölugengi bandaríkjadollar 122,44, sbr. dskj. nr. 25. Samtals féllu því í gjalddaga þann 1. desember 2009 ISK 9.761.757. (USD 79.726,86 x 122,44). Hins vegar, samkvæmt skilmálabreytingu lánsins þann 25. ágúst 2009, sbr. dskj. nr. 9, var kveðið á um 6 vaxtagjalddaga sem greiða átti fyrir gjalddaga lánsins; sá fyrsti þann 1. júní 2009. Vaxtagjalddagarnir eru allir í vanskilum og myntbreyttust miðað við gengi hvers gjalddaga, sbr. dskj. nr. 26.

Krafa stefnanda vegna vaxtagjalddaga láns nr. 10594 sundurliðast þannig, sbr. nánar dskj. nr. 22, dskj. nr. 23 og nánari útlistun kröfu vegna vaxtagjalddaga í dskj. nr. 27.

Vaxtagjalddagi í ISK 2. júní 2009 59.703.

Vaxtagjalddagi í ISK 1. júlí 2009 61.489.

Vaxtagjalddagi í ISK 4. ágúst 2009 71.192.

Vaxtagjalddagi í ISK 1. september 2009 58.070.

Vaxtagjalddagi í ISK 1. október 2009 61.721.

Vaxtagjalddagi í ISK 2. nóvember 2009 66.313.

Vextir á gjalddaga í ISK þann 1. desember 2009 58.531.

Samtals skuld í ISK 437.020.

Samtals nemur krafa vegna lánsamnings nr. 10594 því kr. 10.198.777 (ISK 9.761.757 + ISK 437.020) ásamt dráttarvöxtum frá ofangreindum gjalddögum.

Sundurliðun kröfu vegna lánsamnings nr. 10596:

Krafa stefnanda vegna höfuðstól lánsamnings nr. 10596 sundurliðast þannig, sbr. nánar dskj. nr. 28, dskj. nr. 29 og nánari útlistun kröfu á dskj. nr. 30:

Höfuðstólskrafa vegna USD(2) í USD 74.223,05.

Höfuðstólskrafa vegna USD(4) í USD 3.328,33.

Höfuðstólskrafa vegna USD(7) í USD 2.175,48.

Samtals krafa vegna höfuðstóls í USD 79.726,86.

Fjöldi liða lánsins, þ.e. USD(2), USD(4) og USD(7), koma til vegna hækkunar höfuðstóls, sbr. umfjöllun um lán 10594.

Á gjalddaga lánsins þann 1. desember 2009 var skráð sölugengi bandaríkjadollar 122,44, sbr. dskj. nr. 25. Samtals féllu því í gjalddaga þann 1. desember 2009 ISK 9.761.756,74. (USD 79.726,86 x 122,44). Samskonar skilmálabreyting og á láni nr. 10594 var gerð á láni nr. 10596, sbr. dskj. nr. 14, og var stefnda því gert að greiða 6 vaxtagjalddaga fyrir gjalddaga lánsins. Vaxtagjalddagarnir eru allir í vanskilum og myntbreyttust miðað við gengi hvers gjalddaga skv. dskj. nr. 26.

Krafa stefnanda vegna vaxtagjalddaga láns nr. 10594 sundurliðast þannig, sbr. nánar dskj. nr. 28, dskj. nr. 29 og

nánari útlistun kröfu vegna vaxtagjalddaga í dskj. nr. 31.
 Vaxtagjalddagi í ISK 2. júní 2009 59.703.
 Vaxtagjalddagi í ISK 1. júlí 2009 61.489.
 Vaxtagjalddagi í ISK 4. ágúst 2009 71.191.
 Vaxtagjalddagi í ISK 1. september 2009 58.071.
 Vaxtagjalddagi í ISK 1. október 2009 61.721.
 Vaxtagjalddagi í ISK 2. nóvember 2009 66.313.
 Vextir á gjalddaga í ISK þann 1. desember 2009 58.532.
 Samtals skuld í ISK 437.021.

Samtals nemur krafa vegna lánsamnings nr. 10596 því kr. 10.198.778 (ISK 9.761.757 + ISK 437.021) ásamt dráttarvöxtum frá ofangreindum gjalddögum.

Stefnukrafa málsins er því að fjárhæð 20.397.555 kr. (10.198.778 + 10.198.777) ásamt dráttarvöxtum frá ofangreindum gjalddögum skv. 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001. Þann 1. febrúar 2013, eftir gjalddaga lánanna, voru greiddar 2.997.800 kr. inn á lán nr. 10596 sbr. dskj. nr. 15, og er þeirrar innborgunar getið í kröfugerð stefnanda.

Þá ber stefnanda nauðsyn til að fá veðrétt sinn samkvæmt tryggingarbréfi dags. 19. desember 2007 staðfestan með dómi til þess að geta gengið að hinni veðsettu eign. Því krefst stefnandi þess jafnframt að stefnda Guðný Ólafsdóttir og stefnda María Rósinkarsdóttir verði með dæmdar til að þola staðfestingu á veðrétti og að staðfestur verði með dómi réttur stefnanda til að fá gert fjárnám í veðunum fyrir skuldinni auk dráttarvaxta og kostnaði.

Varðandi stefnubirtingu skal taka fram að samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá, sbr. dskj. nr. 32, hefur stefndi ekki skráð lögheimili hér á landi. Því er ekki unnt að birta fyrir stefnda með aðstoð sýslumannsins í Keflavík. Hvorki Þjóðskrá Íslands, Utanríkisráðuneytið, né Sýslumannsembættið í Keflavík hafa upplýsingar um heimilisfang stefnda, sbr. dskj. nr. 33, dskj. nr. 34 og dskj. nr. 35. Þá fannst heimilisfang stefnda heldur ekki við leit á netinu. Ekki er vitað í hvaða ríki stefndi hefur aðsetur í, og þ.a.l. getur stefnandi ekki stefnt samkvæmt lögum dvalarríkis stefnda sbr. 90. gr. laga nr. 91/1991. Að framangreindu virtu er stefnanda nauðsynlegt og jafnframt heimilt að birta stefnuna í Lögbirtingablaði skv. 89. gr. laga nr. 91/1991.

Krafa stefnanda er byggð á ákvæðum framangreindra lánsamninga milli aðila og viðaukum. Krafan er reist á almennum reglum samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi loforða og greiðslu skulda. Skuld samkvæmt lánsamningi nr. 10594 lofaði stefndi að greiða á gjalddaga samkvæmt framangreindu og skuldbatt þeir sig til þess að hafa til ráðstöfunar á reikningi sínum nr. 1158-26-006129 á gjalddaga fjárhæð sem svarar til uppgreiðslu lánsins, þ.e. höfuðstóls og vaxta. Skuld vegna lánsamnings nr. 10596 er tilkomin vegna óskiptrar sjálfsskuldarábyrgðar sem stefndi gekkst í til tryggingar skilvisri og skaðlausri greiðslu aðalskuldara samkvæmt lánsamningnum. Lánsamningar nr. 10594 og nr. 10596 hafa báðir verið í vanskilum frá 1. desember 2009 en vanskil á vaxtagjalddögum hafa verið frá 2. júní 2009. Innheimtuaðgerðir hafa engan árangur borið og er málshöfðun þessi því nauðsynleg.

Krafa um málskostnað byggir á XXI. kafla laga nr. 91/1991. Kröfur um dráttarvexti styður stefnandi við reglur III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Samlagsaðild er byggð á 19. gr. laga nr. 91/1991 og kröfusamlag er byggt á 27. gr. sömu laga. Um varnarþing vísast til 35. gr. laga nr. 91/1991 og 14. gr. í lánsamningnum nr. 10596 og nr. 10594, sbr. dskj. nr. 3 og dskj. nr. 10, sem og 6. gr. tryggingarbréfsins, sbr. dskj. nr. 16, en þar segir að mál sem

rísi skuli reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Þá vísar stefnandi til XIII. kafla hvað varðar reglur um stefnubirtingu.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram stefnu þessa, skrá yfir framlögð gögn, lánsamninga í erlendum myntum, beiðnir stefnda um framlengingar lánsins, kaupnótu, umboð, lánayfirlit, tryggingabréf, gögn frá fasteignaskrá, upplýsingar frá Þjóðskrá, afrit tölvupósta hvað varðar heimilisfang stefnda, innheimtubréf, yfirlit yfir gengi erlendra gjaldmiðla og gögn um staðfestingu á framsali kröfunnar.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til frekari gagnaöflunar og framlagningar sem og til að koma að frekari málsástæðum og atvikum á síðari stigum allt eftir því sem varnir stefnda gefa tilefni til. Ennfremur áskilur stefnandi sér rétt til að leiða fyrir dóm aðila sem og önnur vitni.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Ómari Þór Gunnarssyni, Maríu Rósinkarsdóttur og Guðnýju Ólafsdóttur til þess að mæta á dómþing héraðsdóms Reykjavíkur sem haldið verður í dómhúsi Héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjatorg, fimmtudaginn 5. september kl. 10.00 árdegis, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má búast við að útvistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 27. maí 2013.

F. h. stefnanda,

Bjarki Már Baxter hdl.

(2013010556

Lögbirtingablað,

49. tölublað 2013.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn í Vík,

Anna Birna Þráinsdóttir.